

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2001

frá 11. desember 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2001 frá 23. febrúar 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/19/EB frá 20. desember 2000 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar þenslusamskeyti fyrir vegabryr⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32001 D 0019:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/19/EB frá 20. desember 2000 (Stjtið. EB L 5, 10.1.2001, bls. 6).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2001/19/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 117, 26.4.2001, bls. 11 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 5, 10.1.2001, bls. 6.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.